



ÞJÓNUSTUSTEFNA

Ísafjarðarbær | 2026-2029

ÞJÓNUSTUSTEFNA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Þjónustustefna Ísafjarðarbæjar er unnin samkvæmt 130. gr. [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#) en þar er kveðið á um að sveitarstjórn skuli móta sér stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum innan sveitarfélagsins.

Stefnan er sett fram fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir og er unnin samhliða fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir sama tímabil.

Það er á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlag fyrir sig (þjónustusvæði) og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst standa að á viðkomandi svæðum. Má þar nefna skólahald, ferðir skóla- og tómstundabíla, opnunartíma sundlauga, sorphirðu, rekstur félagsheimila og fleira.

Við gerð þjónustustefnu ber að hafa í huga hvaða verkefni eru lögskyld og lögheimil samkvæmt yfirliti Stjórnarráðsins sem gefið er út með vísan í 1. mgr. 7. gr. [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#). Verkefni eru lögskyld ef sveitarfélögum er skylt að rækja þau. Lögheimil verkefni teljast þau sem sveitarfélag hefur svigrúm til þess að ákveða hvort sé sinnt, og ef sú ákvörðun er tekin gildir um verkefnið tiltekinn lagarammi. Einnig þarf að hafa í huga verkefni sem sveitarfélögin velja að taka sér, sem kallast valkvæð verkefni.

ALMENNT UM ÞJÓNUSTU ÍSAFJARÐARBÆJAR

Ísafjarðarbær varð til árið 1996 við sameiningu sex sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum; Þingeyrarhrepps, Mýrahrepps, Mosvallahrepps, Flateyrarhrepps, Suðureyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar. Fimm byggðakjarnar eru í sveitarfélaginu; Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Hnífsdalur, auk Ísafjarðar. Ísafjörður í Skutulsfirði er stærsti kjarninn en Hnífsdalur stendur næstur Ísafirði, í um 4 km fjarlægð. Þingeyri liggur fjærst Ísafirði, í um 50 km fjarlægð. Í sveitarfélaginu öllu búa um 4000 manns, um 260 á Þingeyri, um 200 á Flateyri, um 300 á Suðureyri, um 200 í Hnífsdal og um 2700 á Ísafirði, auk íbúa á strjalli svæðum (miðað við 1. maí 2025).

Markmið stefnunnar er að tryggja íbúum aðgengilega og sanngjarna þjónustu sem er aðlöguð að þörfum byggðanna fjarri Ísafirði, þar sem megin stjórnsýslustöð sveitarfélagsins er. Mikilvægt er að finna það jafnvægi sem þarf til að viðunandi þjónustustig sé í öllum byggðarkjörnum sveitarfélagsins. Ísafjarðarbær leggur áherslu á að íbúar upplifi sveitarfélagið sem traustan og ábyrgðarfullan þjónustuaðila við hið fjölbreytta mannlíf og atvinnulíf sem er á svæðinu. Þjónustan skal vera aðgengileg íbúum og löguð eftir fremsta megni að þörfum íbúa og fyrirtækja með jafnræðissjónarmið að leiðarljósi.

Þjónustan skal vera sérhæfð og byggja á fagkunnáttu sem fléttast inn í alla starfsemi. Starfsfólk Ísafjarðarbæjar skal sinna starfi sínu af samviskusemi, sýna kurteisi, lipurð og réttsýni í störfum sínum. Það skal starfa fyrst og fremst í þágu íbúanna og samfélagsins í heild. Í mannauðsstefnu Ísafjarðarbæjar er lögð áhersla á gildin þjónustu, frumkvæði og virðingu.

Í nútímasamfélagi er janframt mikilvægt að þjónusta sé aðgengileg og sem næst notandanum. Í því skyni hefur sveitarfélagið lagt áherslu á uppbyggingu stafrænna innviða og er leitast við að veita þjónustu á hverjum stað, í gegnum rafræna miðla, í síma, í tölvupóstsamskiptum eða með fjarfundum.

ÍBÚASAMRÁÐ

Samkvæmt 130. gr. [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#) skal sveitarstjórn hafa samráð við íbúa við gerð þjónustustefnunnar. Haldnir voru íbúafundir í þremur byggðakjörnum sveitarfélagsins sem liggja fjærst Ísafirði, það er á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, fyrir hvert þjónustusvæði fyrir sig, auk þess sem nýttur var rafræni miðillinn [Betra Ísland](#), þar sem íbúum gafst færi á hafa áhrif. Safnað var saman ábendingum um þá þjónustu sem er í boði, hvert íbúar eru að sækja þjónustu og hvað mætti betur fara. Ábendingar íbúa voru lagðar fyrir byggðaráð og sveitarstjórn og hafðar að leiðarljósi við mótun og þróun á þjónustustefnu.

Þjónustustefnan endurspeglar þær áherslur í þjónustu á hverju svæði fyrir sig sem ákveðnar hafa verið af sveitarstjórn og gefa vísbendingar um hvernig hún kemur til með að þróast á næstu árum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að þjónustustefna er ekki skuldbinding til að sinna tiltekinni þjónustu á tiltekinn hátt ef forsendur breytast.

SKIPULAG STEFNUNNAR

Stefnunni er skipt upp eftir málaflokkum og hvernig þjónustu er háttað í byggðum og byggðarlögum sveitarfélagsins. Skilgreind þjónustusvæði eru fjögur; Skutulsfjörður, Súgandafjörður, Öndarfjörður og Dýrafjörður. Innan hvers þjónustusvæðis er þéttbýliskjarni og dreifbýli hvers svæðis.

Stefnan er sett þannig fram að fyrst er fjallað um lögskyld verkefni og hvernig þeim er háttað á hverjum stað fyrir sig. Næst er fjallað um lögheimil verkefni og valkvæð verkefni þar sem sveitarfélagið veitir þjónustu. Í mörgum tilfellum er þjónustunni eins háttað fyrir allt sveitarfélagið í heild.

Skilgreining þjónustusvæða

Skutulsfjörður	Súgandafjörður	Öndarfjörður	Dýrafjörður
Ísafjörður þéttbýliskjarni	Suðureyri þéttbýliskjarni	Flateyri þéttbýliskjarni	Þingeyri þéttbýliskjarni
Hnífsdalur þéttbýliskjarni	Súgandafjörður dreifbýli	Öndarfjörður dreifbýli	Dýrafjörður dreifbýli
Skutulsfjörður dreifbýli			Arnarfjörður dreifbýli

LÖGSKYLD VERKEFNI

STJÓRNSÝSLA

Álagning og innheimta opinberra gjalda

Bæjarstjórn setur gjaldskrár ár hvert samhliða fjárhagsáætlun hvers árs. Gjaldskrár eru birtar á vefsíðu sveitarfélagsins og þær sem við á í B-deildum Stjórnartíðinda. Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og fjármálastjóri bera ábyrgð á því í umboði bæjarstjórnar fyrir sveitarfélagið í heild að framfylgja álagningu og innheimtu. Álagning og innheimta er að mestu rafræn og hægt að fá aðstoð og upplýsingar í gegnum síma, tölvupóst eða komu á bæjarskrifstofuna á Ísafirði. Sveitarfélagið er með samning við innheimtufyrirtæki um milli- og löginheimtu.

Skráning og meðferð persónuupplýsinga

Stjórnsýslu- og fjármálasvið ber ábyrgð á málaflokknum, og er starfandi persónuverndarfulltrúi sem hefur eftirlit með að unnið sé eftir lögum um meðferð persónuupplýsinga fyrir allt sveitarfélagið.

Varðveisla skjala

Sveitarfélagið fer eftir [lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014](#). Skjalastjóri sveitarfélagsins og verkefnastjóri fjármála og stjórnsýslu bera ábyrgð á varðveislu og vörslu skjala í Ísafjarðarbæ í samstarfi við aðra stjórnendur.

Starfsmannamál, kjarasamningar og jafnlaunavottun

Mannauðsstjóri í samstarfi við viðkomandi sviðsstjóra, og bæjarstjóra eftir atvikum, fer með starfsmannamál. Launadeild kemur jafnframt að greiningu og skráningu samþykktra kjarasamninga, en Samband Íslenskra sveitarfélaga er með samningsumboð Ísafjarðarbæjar. Jafnlaunavottun er unnin og framfylgt af teymi sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, mannauðsstjóra og launafulltrúa.

Upplýsingagjöf

Sveitarfélagið vinnur eftir upplýsingalögum. Vefsíða sveitarfélagsins, www.isafjordur.is, er mikilvægur hlekkur í upplýsingagjöf sveitarfélagsins og eru allar helstu upplýsingar að finna þar. Þá er lögð áhersla á að taka öll viðeigandi stafræn skref í aukinni, einfaldari og hraðari þjónustu við íbúa sem er til hagsbóta fyrir alla íbúa sveitarfélagsins óháð búsetu.

Beiðni um gögn og upplýsingar skal beint til upplýsingafulltrúa eða skjalastjóra á stjórnsýslu- og fjármálasviði. Þá rekur sveitarfélagið síðuna lifid.isafjordur.is þar sem finna má allar helstu upplýsingar um íþróttir- og tómstundir, menningu og listir, og hreyfingu og útivist í sveitarfélaginu, hvort sem er á vegum sveitarfélagsins eða einkaaðila. Þá sér sveitarfélagið um póstlista þar sem fréttir vikunnar eru sendar skráðum aðilum, auk þess sem sveitarfélagið rekur viðburðadagatal þar sem íbúar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir geta sett inn auglýsingar um fyrirhugaða viðburði í sveitarfélaginu.

Útboð opinberra framkvæmda og innkaupa

Verkefnastjóri tæknilausna og innkaupa, í samráði við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, sér um útboð sameiginlegra innkaupa fyrir sveitarfélagið, svo og innkaup samkvæmt rammasamningum. Deildarstjóri umhverfis- og eignasviðs sér um útboð opinberra framkvæmda hjá sveitarfélaginu. Unnið er eftir [lögum um opinber innkaup](#) og [innkaupareglum](#) og [innkaupastefnu Ísafjarðarbæjar](#). Sveitarfélagið er aðili að rammasamningum.

Varðveisla skjala

Sveitarfélagið fer eftir lögum um opinber skjalasöfn. Skjalastjóri sveitarfélagsins ber ábyrgð á varðveislu skjala í Ísafjarðarbæ í samstarfi við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Starfsfólk ber ábyrgð á skjölun og frágangi mála á þeirra ábyrgð.

Sveitarstjórn og fastanefndir

Bæjarstjórn sveitarfélagsins vinnur eftir sveitarstjórnarlögum. Í gildi eru siðareglur kjörinna fulltrúa. Þá starfar bæjarstjórn eftir samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköpum bæjarstjórnar. Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs ber ábyrgð á ritun funda bæjarstjórnar

og bæjarráðs, og eftirfylgni verkefna, í umboði bæjarstjóra. Einnig eru starfandi fastanefndir um tiltekna málaflokka, þar sem tilteknir starfsmenn sviða starfa og/eða rita fundi.

Fastanefndirnar eru: Fjallaskilaneftnd, hafnarstjórn, menningarmálanefnd, skipulags- og mannvirkjanefnd, skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd, umhverfis- og framkvæmdanefnd, vel-ferðarneftnd og sameinuð almannavarnarneftnd Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbrepps.

Auk þessa starfa öldungaráð, hverfisráð á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hnífsdal og í Holta-, Tungu- og Seljalandshverfi.

KOSNINGAR

Framlög til stjórnamálasamtaka

Framlög til stjórnamálasamtaka eru á ábyrgð stjórnsýslu- og fjármálasviðs og eru greidd samkvæmt lögum um starfsemi stjórnamálasamtaka. Fjárhæð styrks er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers árs, upphæð hans tilkynnt hverjum og einum samtökum sem senda reikning fyrir útgreiðslu styrks árlega, uppfylli þau lagaskilyrði.

Íbúakosningar

Íbúakosningar eru viðhafðar í samræmi við sveitarstjórnarlög, en hafa hingað til ekki farið fram.

Alþingis-, forseta- og sveitarstjórnarkosningar

Framkvæmd kosninga fer fram samkvæmt kosningalögum. Í sveitarfélaginu er yfirkjörstjórn tilnefnd á fyrsta fundi nýrrar sveitarstjórnar og fyrir hverjar kosningar eru fulltrúar í undirkjörstjórnir tilnefndir, en þær eru sex samtals, þrjár á Ísafirði, og ein á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Vikurnar fyrir kosningar býður sýslumaðurinn á Vestfjörðum upp á atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Kjörstaðir eru í Menntaskólanum á Ísafirði, og grunnskólum á öðrum þjónustusvæðum. Opnunartími kjörstaða er aðeins lengri á Ísafirði en á öðrum þjónustusvæðum.

FRÆÐSLU- OG MENNINGARMÁL

Almenningsbókasöfn

Á Ísafirði er almenningsbókasafn. Opið er sex daga vikunnar og einstaka kvöld. Aukin opnun er á stórum skipadögum, í samræmi við [skemmtiferðaskipastefnu sveitarfélagsins](#). Á öðrum þjónustusvæðum er samstarf við safnið á Ísafirði í gegnum grunnskólann á staðnum. Á Þingeyri er jafnframt samstarf í gegnum Blábankann samfélagsmiðstöð, um milligöngu bókasendinga fyrir almenning.

Skólaþjónusta

Í Ísafjarðarbæ er rekin skólaþjónusta sem þjónustar alla skóla sveitarfélagsins. Skólaþjónustan starfar á grundvelli [reglugerðar um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð grunnskóla nr. 444/2019](#). Á skólaskrifstofu eru tveir starfsmenn, auk þess sem keypt er þjónusta skólasálfræðinga, talmeinafræðings og verkefnastjóra við innleiðingu farsældarlaga.

Grunnskólar

Fjórir grunnskólar eru í sveitarfélaginu, einn á hverju þjónustusvæði. Í hverjum skóla er frístundaheimili/dægradvöl til staðar, hádegismatur og skólaakstur, þó misjafnt eftir hverjum

stað. Grunnskóli er á hverju þjónustusvæði fyrir 1.-10. bekk en nokkur börn af eldri stigum koma frá Flateyri og Suðureyri í Grunnskólann á Ísafirði.

Í Grunnskólanum á Ísafirði eru 400 börn og mótuneyti þar sem eldað er á staðnum. Skólarúta er í Skutulsfirði fyrir nemendur. Í Grunnskólanum á Suðureyri eru 36 börn, og hádegismatur er eldaður í leikskólanum og fluttur í grunnskólann. Akstursstyrkir er greiddir til foreldra í Sög- andafirði með börn í grunnskólanum, en skólarúta er ekki til staðar. Í Grunnskólanum á Flateyri eru 10 börn, og hádegismatur keyptur af einkaaðila. Akstursstyrkir eru greiddir til foreldra í Öfundarfirði með börn í grunnskólanum, en skólarúta er ekki til staðar. Í Grunnskólanum á Þingeyri eru 40 börn, og hádegismatur er eldaður í leikskólanum og fluttur í grunnskólann. Skólarúta er í Dýrafirði fyrir börn úr dreifbýli.

Leikskólar

Í sveitarfélaginu er sex leikskólar, fimm þeirra eru reknir af sveitarfélaginu, einn á hverju þjónustusvæði, og einn í gegnum samstarfssamning við Hjalla ehf. og er hann á Ísafirði (Eyrarskjól). Markmiðið er að geta boðið börnum leikskólapláss frá 12 mánaða aldri. Allir leikskólarnir eru fyrir börn á aldrinum 1-5 ára, nema á Ísafirði þar sem Tangi tekur við öllum 5 ára börnum frá Sólborg og Eyrarskjóli. Leikskólarnir á Ísafirði og Suðureyri eru opnir kl. 7.45-16.15, og á Flateyri og Þingeyri er opnunartíminn kl. 8-16. Miðað er við að lágmarki 5 börn nýti lengri opnun svo hún sé til staðar, og opnunartími því metinn árlega. Jafnframt er sumarlokun 4 vikur í leikskólunum á Ísafirði og Suðureyri, en á Flateyri og Þingeyri er lokunin 5 vikur.

Á Ísafirði rekur sveitarfélagið Sólborg og Tanga og eru þar um 180 börn. Á Suðureyri er Tjarnarbær, með 18 börn, á Flateyri er Grænigarður með 10 börn og á Þingeyri er Laufás með 16 börn. Á Sólborg er maturinn eldaður á staðnum en á Tanga fara börn yfir í Grunnskólann á Ísafirði í hádegismat. Á Suðureyri og Þingeyri er maturinn eldaður á staðnum og á Flateyri er hann keyptur af einkaaðila.

Tónlistarskólar

Tveir tónlistarskólar eru starfræktir á Ísafirði af einkaaðilum; Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar (LRÓ) og Tónlistarskóli Ísafjarðar. Ísafjarðarbær greiðir laun kennara TÍ og styrk vegna greiðslu launa hjá LRÓ. Boðið er upp á kennslu í afmörkuðum fögum frá Tónlistarskóla Ísafjarðar á öðrum þjónustusvæðum, ef starfsfólk fæst, en sveitarfélagið hefur hug á að efla starf á þjónustusvæðunum utan Skutulsfjarðar.

Ráðning kennara, skólastjóra og fleira

Öll ótímabundin störf eru auglýst hjá sveitarfélaginu og er ráðning skólastjóra í höndum sviðs- stjóra og ráðning annars starfsfólks í höndum skólastjóra.

Bygging framhaldsskóla

Sveitarfélagið tekur þátt í byggingu framhaldsskóla í [samræmi við lög](#). Skrifað var undir viljayfirlýsingu árið 2024, með ráðherra og öðrum sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum um byggingu nýs verknámshúss við Menntaskólann á Ísafirði.

ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Frístundaheimili

Ísafjarðarbær starfrækir frístundaheimili á öllum þjónustusvæðum. Dægradvöl er rekin á efri hæð Sundhallar Ísafjarðar og í húsnæði leikskóla á Suðureyri og Þingeyri og í grunnskóla á Flateyri. Þar er börnum í 1.-4. bekk boðið upp á fjölbreytt tómstundastarf eftir að skóladegi lýkur

Íþróttamálefni, bygging íþróttahúsa og fleira

Á Ísafirði er fjölnota íþróttahús á Torfnesi, lítill íþróttasalur í húsi Sundahallarinnar og 16 m innisundlaug ásamt innipotti. Á Suðureyri er fjölnota íþróttahús og 16 m útisundlaug ásamt útipottum, á Flateyri er fjölnota íþróttahús og 16 m innisundlaug með útipottum, og á Þingeyri er fjölnota íþróttahús, og innisundlaug með inni- og útipottum.

Opnunartími ræðst af nýtingu og vilja íbúa á hverju þjónustusvæði og er staðan endurmetin reglulega.

Málefni bara og ungmenna

Á öllum þjónustusvæðum er rekin félagsmiðstöð fyrir börn í 8.-10. bekk, og er opið þrisvar sinnum í viku. Á Ísafirði er félagsmiðstöðin í kjallara Sundahallarinnar á Ísafirði, á Þingeyri og á Suðureyri er hún í grunnskólanum og á Flateyri er hún á lofti leikskólans Grænagarðs. Þá er rekinn vinnuskóli á sumrin í samstarfi við íþróttafélög og/eða stofnanir sveitarfélagsins. Undirbúningur er hafinn milli Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Menntaskólans á Ísafirði um æskulýðsstarf 16-18 ára.

Æskulýðsmál

Sveitarfélagið er með styrktar-, samstarfs- og/eða þjónustusamninga við íþróttafélög og félagasamtök á sviði æskulýðsstarfs í öllu sveitarfélaginu.

FÉLAGSÞJÓNUSTA

Aðstoð við erlenda ríkisborgara

Samningur um móttöku flóttamanna gildir til loka árs 2024, en hann felur í sér móttökuáætlun og þjónustu við erlenda ríkisborgara og heyrir undir velferðarsvið. Samstarf er við ýmsar stofnanir, svo sem Vinnumálastofnun, Tryggingastofnun, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Sjúkratryggingar, stéttarfélög og fleiri aðila. Jafnframt er aðstoð við atvinnuleit, húsnæðisleit og öflun innbús. Þjónustan er veitt á öllum þjónustusvæðum í samvinnu við fyrirtæki, skóla og leikskóla.

Barnaverndarþjónusta

Barnaverndarþjónusta er hluti af Velferðarþjónustu Vestfjarða, þar sem Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag. Sameiginlegir teymisfundir eru haldnir vikulega þar sem teknar eru fyrir barnaverndartilkynningar og fleiri mál sem varða sameiginlega ákvarðanatöku.

Vikulegir fundir starfsfólks eru með lögreglu, þátttaka í nemendaverndarráðum, samráðsfundir með Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, skóla- og tómstundasviði, BUGL og geðheilsuteymi barna á Vestfjörðum. Þá eru mánaðarlegir fundir með barnaverndarþjónustum á Íslandi og Barna- og fjölskyldustofu. Deildarstjóri er fulltrúi í Vá-Vest forvarnahópnum.

Úrræði felast í ráðgjöf, meðferð, tilsjón, eftirliti með heimili, persónulegri ráðgjöf, stuðningsfjölskylduúrræðum og vistun af margvíslegum toga. Bakvaktir í barnavernd á Vestfjörðum eru í umsjón starfsfólks. Starfsfólk veitir fræðslu um barnavernd og tilkynningaskylduna til hlutaðeigandi stofnana og félagasamtaka á Vestfjörðum. Barnaverndarþjónustan er með starfsstöð á Ísafirði, en þjónustan er veitt á öllum þjónustusvæðum.

Félagsþjónusta

Félagsþjónusta er með starfsstöð á Ísafirði og fer fram með vikulegum teymisfundum, fundum velferðarnefndar, öldungaráðs, og forstöðumanna. Samvinna er við önnur svið vegna fjárhagsaðstoðar, vistgreiðslna, fósturlauna, og sérstaks húsnæðisstuðnings. Félagsþjónusta er veitt á öllum þjónustusvæðum.

Félagsleg ráðgjöf

Þjónustan er veitt með fundum, viðtölum, í gegnum fjarfundabúnað, með símtölum og í tölvuþóstsamskiptum. Um er að ræða leiðbeiningar og aðstoð, eftir atvikum, um úrræði og leiðir til þess að mæta þörfum einstaklinga varðandi samskipti við stofnanir og félagasamtök um úrvinnslu persónulegra mála.

Mál sem varða almenna ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagsleg lán, ábyrgð á húsaleigu, forgangsbeiðnir vegna umsókna um félagslegar íbúðir, sérstakan húsnæðisstuðning, afslátt af fasteignagjöldum til aldraðra og öryrkja, framfærsluvottorð, endurhæfingaráætlanir vegna umsókna um endurhæfingarlífeyri, samvinnu eftir skilnað, umsóknir í Fjölsmiðju, umsóknir um þjónustuíbúðir, mat á félagslegum aðstæðum vegna umsókna um færni- og heilsumat og leiðbeiningar og aðstoð vegna ýmissa virkniúrræða.

Þjónusta er veitt eftir samkomulagi, en flestir kjósa að koma til viðtals á Ísafirði. Starfsfólk veitir einnig ráðgjöf á öðrum þjónustusvæðum eftir atvikum.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt vegna framfærslu einstaklings eða fjölskyldna og vegna sérstakra útgjalda. Rétt til fjárhagsaðstoðar eiga þau sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum og geta ekki séð sér og sínum farborða með öðrum hætti.

Fjárhagsaðstoð skal veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsþjónustu, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar, samanber [V. kafla um félagsþjónustu sveitarfélaga](#). Jafnan skal kanna til þrautar rétt umsækjanda til annarra greiðslna, svo sem frá Tryggingastofnun, atvinnuleysis-tryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga. Umsóknir berast í gegnum [þjónustugátt sveitarfélagsins](#), í viðtölum og í bréfpósti. Umsóknir eru teknar fyrir á vikulegum teymisfundum félagsþjónustu, hafi tæmandi upplýsingar borist samkvæmt reglum um fjárhagsaðstoð. Niðurstöður eru sendar umsækjendum í tölvu- eða bréfpósti.

Afgreiðsla mála fer fram á Ísafirði, en fer fram með sama hætti á öllum þjónustusvæðum.

Lögfræðissviptingar og nauðungarvistanir

Mál eru unnin í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, aðstandendur og Geðdeild Landspítalans. Samvinna er við bæjarlögfræðing vegna framlengingar á nauðungarvistun.

Afgreiðsla mála fer fram á Ísafirði, en fer fram með sama hætti á öllum þjónustusvæðum.

Málefni aldraðra

Eldri borgarar hafa aðgang að félagslegri ráðgjöf hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins og geta leitað þangað eftir aðstoð varðandi réttindi sín eða mögulega þjónustu, svo sem félagslega heimaþjónustu, félagsstarf og akstursþjónustu.

Þátttaka í verkefninu *Gott að eldast* í samvinnu við ráðuneyti, nokkur sveitarfélög á Vestfjörðum, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og sameiginlegan tengiráðgjafa verkefnisins. Heimaþjónusta er á vegum sveitarfélagsins og er þjónustan í boði á öllum þjónustusvæðum, en þörfin er metin við hverja umsókn. Fyrirhugað að kynna þjónustuna betur á öllum svæðum.

Félagsstarf aldraðra, vinnustofur, eru í boði á þremur stöðum; á Hlíf á Ísafirði, á Tjörn á Þingeyri og í Sunnuhlíð á Suðureyri. Fyrirhugað er að setja starf af stað á Flateyri árið 2026. Markmið félagsstarfs eldri borgara er að fyrirbyggja félagslega einangrun aldraðra, hvetja til skapandi athafna og finna þekkingu, reynslu og hæfileikum þátttakenda farveg. Félags- og tómstundastarf aldraðra er starfrækt með áherslu á fjölbreytt viðfangsefni, þannig að það henti sem flestum. Áhersla er lögð á gott samstarf við félög eldri borgara í sveitarfélaginu og leitast við að fá aldraða sjálfa til þátttöku í skipulagningu starfsins þar sem það getur stuðlað að meiri sjálfbærni þess, sem og valdeflingu. Á Ísafirði er opið alla daga og á Þingeyri og Suðureyri er opið þrisvar í viku. Hið sama á við um félagsstarf á Flateyri á árinu 2026.

Dagdeild er rekin á Hlíf á Ísafirði fyrir öll þjónustusvæðin sem eru í þjónustu á velferðarsviði, en akstursþjónusta er í boði frá öðrum þjónustusvæðum til Ísafjarðar. Þjónustan er veitt öldruðum, alla virka daga, ætlað til að rjúfa félagslega einangrun og stuðla að því að aldraðir geti búið lengur heima. Þar er boðið upp á tómstundaiðju, léttu hreyfingu, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Þjónustan er fjölbreytt og leitast er við að hafa hana einstaklingsmiðaða. Þá er einnig veitt kvöldþjónusta fyrir aldraða, alla daga vikunnar. Þörf á hverju þjónustusvæði er metin við hverja þjónustuumsókn, en um er að ræða verkefni unnið í samstarfi og með stuðningi frá ríkinu og verður ekki breytt nema með samþykki þar.

Þjónustuíbúðir eru á Hlíf á Ísafirði og Tjörn á Þingeyri. Í þjónustuíbúðunum er öryggiskerfi og völ á fjölbreyttri þjónustu svo sem mat í hádegi, þvotti og þrifum og aðgangur að félagsstarfi og félagslegri heimaþjónustu. Starfsfólk er til staðar á daginn og sólarhringsvaktþjónusta er veitt. Matarþjónusta, akstursþjónusta og félagsleg heimaþjónusta er í boði í öllum kjörnum.

Öldrunarfulltrúi stýrir viðburðum af fjölbreyttum toga.

Málefni fatlaðs fólks

Fjölpættur stuðningur er til staðar fyrir einstaklinga með fötlun. Á velferðarsviði er starfandi deildarstjóri fötlunarmála sem heldur utan um þá málaflokka sem heyra undir þjónustuhópinn.

Frumkvæðisskylda er hjá sveitarfélögum að hafa samband við foreldra eftir að greiningarniðurstöður liggja fyrir, og er ráðgjöf veitt börnum og fjölskyldum þeirra þar sem þau eru upplýst um réttindi meðal annars hjá sveitarfélaginu og opinberum aðilum, svo sem vegna samþættingar, stuðningsþjónustu, frístundaþjónustu, stuðningsfjölskyldna, skammtímadvalar, sumarþjónustu og akstursþjónustu.

Fyrir fullorðna er veitt ráðgjöf, stuðningsþjónusta og stoðþjónusta, allt að 15 tíma á viku, auk upplýsinga um notendasamninga, NPA, Hvestu og búsetuþjónusta. Mikil samvinna er við leik- og grunnskóla, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ráðgjafa- og greiningarstöð, Tryggingastofnun, Sjúkratryggingar, Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og ráðuneyti.

Sama ráðgjafarþjónusta er veitt á öllum þjónustusvæðum, viðtöl á hverju þjónustusvæði eða á Ísafirði eftir samkomulagi, og er samvinna við leik- og grunnskóla á hverjum stað.

Hvesta er staðsett á Ísafirði og er vinnustofa og virknipjálfun og hefur reynst mjög vel. Einnig er til staðar búsetuþjónusta sem veitt er fólki með fötlun, í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði á vegum Fasteigna Ísafjarðarbæjar. Í því felst einnig heimilishjálp, félagsleg liðveisla og frekari liðveisla.

Stuðningsþjónusta

Stuðningsþjónusta felur í sér stuðning við aldraða, öryrkja og fatlaða til að efla félagslega virkni og aðstoð við heimilishald. Sótt er um rafrænt í [þjónustugátt Ísafjarðarbæjar](#) eða í viðtali. Allar umsóknir um stuðningsþjónustu eru teknar fyrir á vikulegum teymisfundum, hafi fullnægjandi gögnum verið skilað. Niðurstöður eru sendar umsækjendum í tölvu- eða bréfpósti. Sérstakt þjónustumat fer fram í samvinnu við umsækjanda þar sem þörf hans fyrir stuðning er metin.

Stuðningsþjónusta spannar einnig akstursþjónustu, matarþjónustu í mötuneyti eða með heim-sendingu, stoðþjónustu utan heimilis og félagslega liðveislur.

Túlkþjónusta og Málstefna Ísafjarðarbæjar

Boðið er upp á þjónustu túlks fyrir íbúa sem tala önnur tungumál en íslensku, ef þörf er á, þjónustuþega að kostnaðarlausu. Með [málstefnu Ísafjarðarbæjar](#) er fyrirhugað að setja verk-lagsreglur þar sem fram kemur hámarkstími túlkþjónustu án kostnaðar, talinn í árum frá upp-haflegri búsetu viðkomandi á Íslandi.

Upplýsingagjöf vegna barna

Upplýsingagjöf í félagsþjónustu, barnavernd og málefnum fatlaðra til barna og aðstandenda. Úrræði kynnt svo sem samþætting, uppeldisráðgjöf og önnur úrræði sem falla undir málaflokka sem þörf fyrir þjónustu varðar.

Þjónustan er veitt frá Ísafirði, en viðtöl eru veitt á öðrum þjónustusvæðum, eftir samkomulagi.

Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda

Ráðgjöf er veitt í félagsþjónustu og í tengslum við vinnslu mála í barnavernd og málefnum fatlaðra. Samvinna er við meðferðaraðila. Þátttaka sveitarfélags í kostnaði er vegna meðferðar á grundvelli reglna um fjárhagsaðstoð, eða eftir atvikum vegna félagslegrar- og eða fjárhags-legrar stöðu.

Þjónustan er veitt frá Ísafirði, en viðtöl eru veitt á öðrum þjónustusvæðum, eftir samkomulagi.

Samþætting þjónustu í þágu barna

Virk þátttaka starfsfólks í samþættingu og innleiðingu hennar með Heilbrigðisstofnun Vest-fjarða, grunn- og leikskólum, og Menntaskólanum á Ísafirði. Starfsfólk sinnir málstjórahlutverki á II. stigi í félagsþjónustu og málefnum fatlaðra en á III. stigi barnaverndarþjónustu.

Starfsmaður á velferðarsviði hefur haft skilgreint hlutverk í innleiðingunni, í samvinnu við verk-taka sem stýrt hefur innleiðingunni fyrir skóla- og tómstundasvið.

Þjónustan er veitt frá Ísafirði, en í samvinnu við grunn- og leikskóla á hverju þjónustusvæði.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSMÁL OG DÝRAHALD

Dýravernd, dýraeftirlit og meindýraeyðing

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar, í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og dýralækni, bregst við athugasemdum um dýravernd, og skal hafa eftirlit með að dýrum sé haldið við viðunandi aðstæður og í samræmi við lög og samþykktir sveitarfélagsins.

Yfirmaður áhaldahúss hefur umsjón með að fanga og koma særðum og/eða týndum gæludýrum í sveitarfélaginu til réttmætra eiganda, aðallega hundum og köttum. Boðið er upp á árlega ormahreinsun hunda.

Starfsmaður á umhverfis- og eignasviði hefur umsjón með skráningu gæludýra í sveitarfélaginu. Meindýraeyðing er á ábyrgð umhverfis- og eignasviðs í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og er þjónusta meindýraeyðis útvistað eftir þörfum.

Mannvirki og leyfisveitingar

Byggingarfulltrúi sveitarfélagsins sér um öflun grunnupplýsinga, eftirlit, skráningu og eyðingu mannvirkja í sveitarfélaginu, sem er í byggingar- eða niðurrífsferli. Hann sér um allar leyfisveitingar fyrir sveitarfélagið sem tilheyrir embætti hans, ásamt skráningum á innsendum gögnum sem berast vegna leyfismála, umsagna og annarra mála. Byggingarfulltrúi sér einnig um staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga. Þá framkvæmir hann úttektir á byggingarstöðum til að tryggja að framkvæmdir fari fram í samræmi við samþykktar teikningar og að byggingarreglugerð sé fylgt. Eftirlitið tekur einnig til brunavarna, aðgengis fatlaðra, hollustuhátta og annarra öryggismála.

Fjallskil

Umhverfis- og eignasvið, í samráði við fjallskilaneftnd, sér um að setja upp skipulag fyrir fjallskil, þar á meðal að ákveða tímabil fyrir smölun og réttir, tryggja að aðgangur sé tryggður og að búfé sé smalað á viðeigandi hátt. Sveitarfélagið sér um fjármagn og úrræði sem þarf til að viðhalda fjallskilum, en á jafnframt að sjá til þess að fjármagnið nýtist til viðhalds og endurbóta sem tryggja sjálfbæra nýtingu fjallskilaumdæma.

Fjarlægging girðinga af eyðijörðum

Þjónustumiðstöð sér um að fjarlægja girðingar í samræmi við girðingarlög. Ef umráðamaður lands sinnir ekki skyldum sínum um að fjarlægja ónothæfar girðingar af eyðijörðum ber sveitarfélaginu að fjarlægja girðingarnar á kostnað umráðamannsins. Því hefur þó ekki verið fylgt eftir.

Framkvæmd umhverfismats

Skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins gerir tillögu til skipulags- og mannvirkjanefndar og sveitarstjórnar varðandi matsskyldu framkvæmda. Umhverfis- og eignasvið sér um samskipti, þjónustu og samráð við íbúa. Umhverfismatsskyldar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og/eða annara aðila hljóta málsmeðferð í samræmi við lög um umhverfismat.

Gatnagerð

Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs hefur yfirumsjón með nýframkvæmdum og endurnýjun gatna í sveitarfélaginu, viðhaldi vega og stígagerð. Yfirmaður þjónustumiðstöðvar hefur umsjón með minniháttar lagfæringum á götum og stígum, holufyllingar og þess háttar. Fyrirhugað

er að auka þjónustu með fjölgun starfsmanna á þjónustusvæðum utan Skutulsfjarðar. Byggingafulltrúi sér um útreikninga á gatnagerðargjöldum samkvæmt reglum sveitarfélagsins.

Heilbrigðiseftirlit

Sveitarfélagið er í samstarfi við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum um rekstur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og á fulltrúa í stjórn. Heilbrigðiseftirlitið annast eftirlit með heilbrigðis- og hollustuháttum í sveitarfélögum á Vestfjörðum, og starfar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsstöð í Bolungarvík þjónustar allt sveitarfélagið.

Landgræðsla

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er fjallað um skógrækt og landgræðslu ásamt stefnu sveitarfélagsins í þeim málum. Sveitarstjórn hefur eftirlit með ástandi lands samkvæmt lögum um landgræðslu. Sveitarfélagið er með náttúruverndaráætlun og hefur verndað tiltekin svæði með tilliti til náttúruverndar og landgræðslu í gegnum Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar og eftir uppgræðslu eftir verkframkvæmdir.

Mengunarvarnir

Umhverfis- og eignasvið, í samvinnu við slökkvilið, hafnarstjóra, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og Umhverfisstofnun, sinnir útköllum með tilliti til mengunarvarna, svo sem vegna olíu og eiturefna. Þjónustan er veitt á láði og legi eftir því sem þörf er á.

Nafngiftir nýrra náttúrufyrirbæra

Sveitarfélagið vinnur eftir lögum um örnefni sem felur í sér samráð við Örnefnanefnd og hagsmunaaðila. Umhverfis- og eignasvið vinnur tillögur að nafni/nöfnum nýrra náttúrufyrirbæra og leggur fyrir skipulags- og mannvirkjanefnd. Tillögur eru afgreiddar í bæjarstjórn.

Skipulagsmál

Skipulagsfulltrúi á umhverfis- og eignasviði veitir þjónustu í samræmi við skipulagslög. Hann sér um öflun grunnupplýsinga vegna aðalskipulags- og deiliskipulagsmála sem sveitarfélagið vinnur að og sem er óskað eftir af íbúum eða hagsmunaaðilum sveitarféluginu, og gerir tillögu að afgreiðslu til skipulags- og mannvirkjanefndar.

Skipulagsfulltrúi sér um allar þær leyfisveitingar sem tilheyra hans embætti fyrir sveitarfélagið, ásamt skráningu og afgreiðslu á innsendum gögnum sem berast vegna leyfismála, umsagna, matsskýrsla, verndunarsvæða og annarra mála.

Söfnun og meðferð úrgangs og skólps

Umhverfis- og eignasvið ber ábyrgð á að þjónusta á söfnun úrgangs og flokkun sorps sé unnin í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs.

Meðferð úrgangs er útvistað með þjónustusamningi við Kubb ehf. Rekin er móttökustöð í Funa á Ísafirði og söfnunarstöðvar eru reknar í þjónustu gámabíls á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri þrisvar sinnum í viku. Grenndargámar eru á hverju þjónustusvæði.

Umhverfis- og eignasvið, í samstarfi við þjónustumiðstöð, sér um að tengingar mannvirkja í þéttbýli við fráveitu sé í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Tilkynningaskylda um fornleifar í hættu og spjöll á friðlýstum húsum

Umhverfis- og eignasvið sinnir þjónustu í samræmi við lög um menningarminjar og sinnir eftirliti og úttektum. Unnið er með tilkynningar um fornleifar í hættu og skemmdir á friðlýstum húsum og í samstarfi við Minjastofnun Íslands.

Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma

Umhverfis- og eignasvið sinnir þjónustu, viðhaldi og merkingu varnarlína í samvinnu við Matvælastofnun Íslands. Ef upp kemur smit eða hætta á smiti, eru varnarlínur notaðar til að stjórna flutningi dýra og tryggja að sóttvarnir séu virtar. Stofnkostnaður og viðhald aðalvarnarlína greiðist úr ríkissjóði.

Verndarsvæði í byggð

Áætlun um verndarsvæði í byggð, ásamt húsakönnun, hefur verið gerð fyrir Eyrina á Ísafirði, samkvæmt lögum um verndarsvæði. Umhverfis- og eignasvið sér um vinnu áætlana og uppfærslu ásamt skipulags- og mannvirkjanefnd og sveitastjórn.

Loflagsstefna sveitarfélaga

Ekki er til lofagsstefna fyrir sveitarfélagið, en unnið er að gerð hennar.

SAMGÖNGUR

Lagning og viðhald vega og stíga

Umhverfis- og eignasvið sér um skipulag, framkvæmdir, viðhald og lagningu nýrra vega og stíga. Sviðið sér um útboð verkframkvæmda og að unnið sé eftir skipulagi og áherslum sveitarstjórnar hverju sinni.

Deildarstjóri, í samráði við sviðsstjóra, hefur umsjón með stærri framkvæmdum sem eru á vegum sveitarfélagsins og á það við um nýframkvæmdir, endurnýjun og viðhaldsverkefni sem eru á framkvæmdaáætlun. Hann sér um útboð og verðfyrirspurnir á mannvirkjum, gatnagerð, stígagerð og fleira, ásamt því að vera verkefnastjóri framkvæmda fyrir hönd sveitarfélagsins.

Snjómokstur

Umhverfis- og eignasvið sér um skipulag snjómoksturs í sveitarfélaginu og hefur bæjarstjórn sett fram stefnu um forgang við mokstur eftir mismunandi götum. Fyrsti forgangur er vegna neyðaraksturs, svo stofnleiðir, tengigötur og að síðustu íbúðagötur.

Umferðarfræðsla og sértæk fræðsluskylda sveitarfélaga

Umhverfis- og eignasvið heldur utan um umferðaröryggisáætlun og uppfærslu hennar.

Umferðarfræðsla fer fram í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

HÚSNÆÐISMÁL

Eignaskiptayfirlýsingar

Byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar sér um yfirferð uppdráttar og staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga. Sveitarfélagið ber ábyrgð á yfirferð eignaskiptalýsinga til að tryggja að þær séu í samræmi við samþykkt hönnunargögn og byggingarleyfi.

Fasteignamat, skráning og öflun grunnupplýsinga

Byggingarfulltrúi sér um að skrá mannvirki þegar sótt er um byggingarleyfi og að grunnupplýsingar um byggingar séu réttar og uppfærðar eftir því sem breytingar verða á þeim, samkvæmt [lögum um mannvirki](#) og [lögum um skráningu og mat fasteigna](#).

Húsnæðismál

Fasteignir Ísafjarðarbæjar eru með íbúðir til útleigu fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs. Íbúðir Fasteigna Ísafjarðarbæjar eru staðsettar á Ísafirði, en nýverið voru félagslegar leiguíbúðir á Þingeyri og Suðureyri seldar til Brákar íbúðafélags hses. Ísafjarðarbær hefur það markmið að fækka íbúðum í eigu sveitarfélagsins.

Húsnæðisáætlanir

Umhverfis- og eignasvið vinnur húsnæðisáætlanir árlega á grunni HMS, sem byggir á ítarlegri greiningu á húsnæðisþörfum og framtíðaruppbyggingu. Bæjarstjórn yfirfer og samþykkir áætlunina árlega.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Stuðningurinn er veittur fullorðnum á grundvelli útreiknings samkvæmt reglum sveitarfélagsins og börnum sem stunda nám í framhaldsskóla utan síns þjónustusvæðis. Sótt er um rafrænt hjá sveitarfélaginu og hægt að fá ráðgjöf hjá félagsráðgjafa á velferðarsviði sé þess þörf.

Viðhald fasteigna

Viðhald fasteigna eignasjóðs og Fasteigna Ísafjarðarbæjar er stýrt af umhverfis- og eignasviði, sem sér um útboð og verksamninga í stærri verkum og kallar til iðnaðarmenn í smærri verkum. Fyrirhugað er að auka þjónustu til forstöðumanna vegna viðhalds fasteigna með nýju stöðugildi á þjónustusvæði utan Skutulsfjarðar.

VEITUR

Vatnsveita

Í öllum kjörnum er starfandi vatnsveita í þéttbýli, samkvæmt lögum um vatnsveitur.

Mannvirki eru tengd veitu í byggingu. Heimtaugar eru endurnýjaðar eftir þörfum. Umsóknir berast umhverfis- og eignasviði og þjónustumiðstöð sér um framkvæmd.

Fráveita

Í öllum kjörnum er rekin fráveita og mannvirki tengd við veitu við byggingu þar sem því er komið við, samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Fráveita er kerfi sem sér um söfnun, meðhöndlun og losun á skólpi og regnvatni frá heimilum, fyrirtækjum og öðrum mannvirkjum. Fráveitan er undir stjórn umhverfis- og eignasviðs sveitarfélagsins, og sér þjónustumiðstöð um rekstur og framkvæmd.

ÖRYGGIS- OG LÖGGÆSLUMÁL

Almannavarnir (að hluta)

Ísafjarðarbær fer eftir [lögum nr. 82/2008 um almannavarnir](#). Bæjarstjóri er formaður sameinaðrar almannavarnarnefndar Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurrepps. Slökkviliðsstjóri er starfs-

maður almannavarnarnefndar. Bæjarritari er ritari nefndarinnar, auk þess sem sviðsstjóri umhverfissviðs á sæti í nefndinni. Þá eiga sviðsstjóri umhverfissviðs og forstöðumaður þjónustumiðstöðvar sæti í aðgerðastjórn, ásamt slökkviliðsstjóra.

Ísafjarðarbær greiðir leigu og rekstrarkostnað vegna rýmis aðgerðastjórnar í húsnæði Björgunarfélags Ísafjarðar.

Fundir almannavarnarnefndar eru tveir á ári, en aðgerðastjórn er mönnuð eftir þörfum.

Brunavarnir og brunamál/eldvarnareftirlit

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar yfirfer öll slökkvitæki sveitarfélagsins árlega, svo sem í íþróttahúsum, leikskólum, skólum og söfnum. Eldvarnareftirlit er framkvæmt árlega.

Aðalstarfsstöðin er á Ísafirði og er starfsfólk í dagvinnu og á bakvöktum. Slökkvistöðvar eru á öðrum þjónustusvæðum, ásamt tækjabúnaði og bílum, og útkallsvaktir mannaðar.

Fræðsla fer fram í skólum sveitarfélagsins.

Samstarfsnefnd um málefni lögreglu

Fyrirhugað er að samstarfsnefnd um málefni lögreglu fundi reglulega frá árinu 2025, í gegnum fjarfundabúnað fyrir öll sveitarfélög í umdæmi Lögreglustjórans á Vestfjörðum.

Sjóvarnir

Ísafjarðarbær ber ábyrgð á gerð áætlana um uppbyggingu og viðhald sjóvarna á sínu svæði í kringum þéttbýlim samkvæmt aðalskipulagi. Vinna við sjóvarnir er unnin í samráði við siglingasvið Vegagerðarinnar, sem felur í sér gerð framkvæmdaáætlana og að tryggja að sjóvarnir séu byggðar og viðhaldið í samræmi við lög og reglur.

Varnir gegn snjóflóðum og skriðum

Ísafjarðarbær, í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins, hefur unnið að ofanflóðavörnum í Skutulsfirði og Önundarfirði, og ber ábyrgð á að tryggja öryggi íbúa sinna með því að grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr hættu á náttúruhamförum eins og snjóflóðum og skriðuföllum. Þetta er gert í samræmi við lög, reglugerðir og skipulagsáætlanir um ofanflóðavarnir, í samvinnu við aðrar stofnanir á borð við Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóð.

Unnið er að styrkingum á varnargarði fyrir ofan Flateyri og áætlað að framkvæmdir standi til ársins 2029. Í Súgandafirði hefur verið unnið hættumat og ekki talin þörf á ofanflóðavörnum vegna snjóflóða eða skriða. Aftur á móti hafa verið grafnir skurðir til að taka við vatni úr hlíðum og unnið er að sjóvörnum með siglingasviði Vegagerðarinnar. Á Þingeyri hafa verið grafnir leiðiskurðir vegna ofanflóðavatns og -aurs, en ekki talin frekari þörf á vörnum. Beðið er uppfærðs áhættumats vegna ofanflóða í öllu sveitarfélaginu.

ÝMSAR AÐRAR SKYLDUR

Húsmæðraorlof

Ísafjarðarbær greiðir húsmæðraorlof samkvæmt [lögum um orlof húsmæðra](#).

Jafnréttismál

Velferðarnefnd fer með jafnréttismál. Sveitarfélagið er með jafnlaunavottun og hefur sett sér [mannréttindastefnu](#) sem inniheldur ákvæði um jafnréttismál.

Kirkjugarðar

Ísafjarðarbær hefur látið Þjóðkirkjunni í té lóðir undir kirkjugarða á landi í eigu sveitarfélagsins. Kirkjugarðar er á öllum þjónustusvæðum.

Nýting þjóðlenda

Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, námur og önnur jarðefni þarf hins vegar leyfi ráðherra.

Samráð við félög í frístundabyggð

Sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjóri, skal halda fund um sameiginleg hagsmunamál frístundabyggða og sveitarfélagsins sé þess óskað af að minnsta kosti helmingi félaga í frístundabyggð. Ekki eru nýleg dæmi um þetta.

Umsagnir um rekstrarleyfi, tækifærisleyfi og áfengissöluleyfi

Bæjarráð veitir umsagnir fyrir ýmis leyfi í sveitarfélaginu að beiðni Sýslumannsins á Vestfjörðum, í kjölfar umsagna frá heilbrigðiseftirliti, eldvarnareftirliti og byggingafulltrúa, lögreglu og annarra hlutaðeigandi eftir atvikum.

LÖGHEIMIL VERKEFNI

Almennar íbúðir

Sveitarfélagið veitir 12% stofnframlög í samræmi við lög um almennar íbúðir.

Nýlega voru veitt stofnframlög til byggingar stúdentaíbúða á Ísafirði, nemendagarða á Flateyri, og til kaupa Brákar á almennum leiguíbúðum á Suðureyri og Þingeyri.

Almenningssamgöngur

Sveitarfélagið kemur að rekstri frístundarútu milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, og hefur gert þjónustusamning um rekstur almenningssamgangna milli Ísafjarðar og annarra þjónustusvæða. Ferðir eru milli Suðureyrar og Ísafjarðar, og Þingeyrar og Ísafjarðar þar sem komið er við á Flateyri. Reglulegar ferðir eru, nokkrum sinnum á dag, virka daga vikunnar. Markmiðið er að haga ferðum eftir þörfum atvinnulífs, skóla og æskulýðsstarfs, og er megináhersla á markhóp barna undir 18 ára aldri, sem sækja íþrótt- og tómstundastarf milli byggðakjarna. Þá leitast sveitarfélagið við að fjölga strætisvagnabiðskýlum á hverju þjónustusvæði.

Leitast skal við að fjölga sölustöðum aðgöngumiða í strætisvagna í samráði við verktaka.

Bann eða takmörkun gæludýra- og húsdýrahalds

Sveitarfélagið hefur sett samþykktir um [hundahald](#) og [kattahald](#) í þéttbýlisstöðum, auk [búfjár-samþykktar](#). Þá er hanahald óheimilt í þéttbýli.

Bygging félagsheimila

Sveitarfélagið styrkti uppbyggingu félagsheimila við byggingu þeirra á fyrri tímum, en frekari bygging er ekki fyrirhuguð.

Hafnir

Stór höfn er á Ísafirði sem er í mikilli uppbyggingu fyrir skemmtiferðaskip, fiskiskip, skútur og fleira. Almenn hafnarstarfsemi fer fram á öðrum þjónustusvæðum.

Héraðsskjalasöfn

Sveitarfélagið rekur Héraðsskjalasafnið á Ísafirði, í samræmi við lög um opinber skjalasöfn. Skjalageymslur eru í leiguhúsnæði á Ísafirði. Í sama húsi og Héraðsskjalasafnið, Safnahúsinu, er jafnframt Ljósmyndasafnið Ísafirði og Listasafn Ísfjarðar, auk Bókasafnsins Ísafirði. Ekki er starfsstöð Héraðsskjalasafns á öðrum þjónustusvæðum.

Holræsamál – nýbygging og viðhald

Ísafjarðarbær rekur fráveitu í þéttbýli. Mikil uppbygging er fram undan á Ísafirði, meðal annars vegna IceWater verkefnis Evrópusambandsins sem sveitarfélagið er aðili að. Mikil uppbygging hefur farið fram í fráveitum á öðrum þjónustusvæðum, og er búið að koma upp hreinsistöð á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Leiklistarmál og önnur menningarmál

Sveitarfélagið er með styrktarsamning við Kómedíuleikhúsið í Dýrafirði vegna sýninga og húsnæðis, og styrkir önnur leikfélög og hópa sem setja upp sýningar í Ísafjarðarbæ í gegnum menningarmálastyrki menningarnefndar.

Ísafjarðarbær er með styrktarsamninga vegna greiðslu fasteignaskatts við menningarhúsin Edinborgarhús og Hamra, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar, auk Verkalýðsfélags Vestfirðinga vegna reksturs kvikmyndahúss á Ísafirði.

Þá rekur sveitarfélagið, í samstarfi við hollvinasamtök, félagsheimilið á Suðureyri sem leigt er út meðal annars fyrir menningarstarfsemi. Félagsheimilið á Flateyri er rekið af sveitarfélaginu og er leigt eða lánað út í menningarstarfsemi, og sama má segja um félagsheimilið á Þingeyri, en húsið er leigt út meðal annars fyrir menningarstarfsemi.

Lögreglusamþykktir

Bæjarstjórn hefur samþykkt [lögreglusamþykkt](#) sem gildir í Ísafjarðarbæ, nr. 990/2011.

Náttúrustofur

Sveitarfélagið samrekur Náttúrustofu Vestfjarða með öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Stofan er staðsett í Bolungarvíkurkaupstað.

Styrkir til félagasamtaka vegna greiðslu fasteignaskatts

Sveitarfélagið er með reglur um styrki til félagasamtaka vegna greiðslu fasteignaskatts, að hámarki 130.000 kr. árlega. Sótt er um rafrænt og styrkir veittir í febrúar/mars ár hvert.

VALKVÆÐ VERKEFNI

Björgunarsveitir

Ísafjarðarbær styrkir fimm björgunarsveitir í sveitarfélaginu, ýmist með styrki til greiðslu fasteignaskatts eða vegna útkallsverkefna þegar svo ber undir. Björgunarfélag Ísafjarðar og Björgunarsveitin Sæbjörg á Flateyri eru með samning um styrk til greiðslu fasteignaskatts

vegna fasteigna sinna. Björgunarsveitin Ársól á Suðureyri, Björgunarsveitin Tindar í Hnífsdal og Björgunarsveitin Dýri á Þingeyri geta sótt um og/eða hafa fengið styrki vegna greiðslu fasteignaskatts samkvæmt reglum.

Bæjarhátíðir

Sveitarfélagið hefur mikla aðkomu að þremur bæjarhátíðum árlega, auk tendrana ljósa á jólatrám á hverju þjónustusvæði. *Skíðavikan* og rokkhátíðin *Aldrei fór ég suður* eru haldnar á Ísafirði um páska og styrkir sveitarfélagið rokkhátíðina til rekstrar ár hvert, auk þess að styrkja og aðstoða Skíðafélag Ísfirðinga við framkvæmd hátíðar sinnar, *Skíðavikuna*. Þá sér sveitarfélagið um hátíðahöld á 17. júní á Ísafirði fyrir alla íbúa sveitarfélagsins, og fer hátíðar- og barnadagskrá fram á túninu við Safnahúsið. Í október ár hvert heldur sveitarfélagið menningar- og listahátíðina *Veturnætur*, sem er nokkurra daga hátíð með ýmsum lista- og menningartengdum viðburðum á öðrum þjónustusvæðum, margir hverjir að frumkvæði íbúa á hverju svæði.

Bæjarlistamaður

Bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar er útnefndur af menningarmálanefnd ár hvert, og getur listviðkomandi verið af ýmsum toga. Bæjarlistamaður 2024 er kvikmyndagerðarmaðurinn Snævar Sölvi Sölvason.

Fjallkona

Fjallkona Ísafjarðarbæjar er útnefnd af menningarmálanefnd ár hvert fyrir hátíðahöldin á 17. júní. Fjallkona Ísafjarðarbæjar árið 2024 var Jóhanna Eva Gunnarsdóttir.

Frístundastyrkir og íþróttaskóli

Sveitarfélagið styrkir frístundaiðkun barna í 5.–10. bekk í grunnskóla með lögheimili í Ísafjarðarbæ í formi frístundastyrks. Styrkurinn er 40.000 kr. fyrir árið 2025. Fyrir börn í 1.–4. bekk starfrækir sveitarfélagið íþróttaskóla þar sem börn geta skráð sig í eina eða fleiri íþróttagrein; sund, boltaskóla, grunnþjálfun, skíði, svo og aðrar greinar eftir atvikum. Annargjald, óháð fjölda greina, er 9.000 kr.

Heiðursborgari

Í Ísafjarðarbæ er heiðursborgari útnefndur samkvæmt [reglum þar um](#). Einn heiðursborgari er í sveitarfélaginu, Jón Páll Halldórsson, sem var útnefndur árið 2024.

Heilsuræktarstöðvar

Sveitarfélagið er með samning við einkaaðila um styrk til reksturs líkamsræktarstöðvar á Ísafirði. Sveitarfélagið rekur tækjasali í íþróttahúsunum á öðrum þjónustusvæðum.

Hjólastígar

Bæjarstjórn hefur sett sér [hjólreiðaáætlun](#) og er hafin vinna við útfærslu hennar á vettvangi skipulags- og mannvirkjanefndar. Markmiðið er að innleiða stefnuna í deiliskipulag með því að skilgreina hjólaleiðir, móta tillögur og tryggja aðgerðir í samræmi við samþykkt skipulag. Í framhaldi af því tekur við hönnunarvinna og leyfisferli og verkframkvæmdir verða boðnar út og framkvæmdar. Þannig verður Hjólastefnan færð yfir í rými bæjarins með sýnilegum umbótum sem stuðla að öruggari, heilsusamlegri og vistvænni samgöngum.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Árlega er íþróttamaður Ísafjarðarbæjar útnefndur af skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd, út frá tilnefningum íþróttafélaga og almennings. Íþróttamaður ársins 2024 er skíðagöngumaðurinn Dagur Benediktsson.

Íþróttamannvirki og leiksvæði

Á öllum þjónustusvæðum á og rekur sveitarfélagið ýmis íþróttamannvirki og leiksvæði fyrir börn. Á Ísafirði er skíðasvæði (svig- og skíðaganga), tveir fótboltavellir í fullri stærð og þrír minni sparkvöllir, auk ærslabelgs, auk leiksvæða á fjórum stöðum, fyrir hvert hverfi. Í Hnífsdal er ærslabelgur, sparkvöllur og leikvöllur. Á Suðureyri eru tveir sparkvöllir, ærslabelgur og leikvöllur. Á Flateyri er sparkvöllur, ærslabelgur og leiksvæði og á Þingeyri er sparkvöllur, ærslabelgur og leiksvæði. Leitast er við að viðhalda og styrka leiksvæði á öllum þjónustusvæðum.

Þá leitast sveitarfélagið við styrkja uppbyggingu íþróttamannvirkja íþróttafélaga og félagasamtaka í gegnum uppbyggingasamninga. Á Ísafirði má því finna golfvöll, reiðhöll, klifurvegg, skotíþróttaaðstöðu og fjallahjólaleiðir. Á Flateyri er skautasvell yfir vetrartímann og frísbí-golfvöllur. Á Suðureyri er útihreystivöllur. Á Þingeyri er reiðhöll, útihreystivöllur, strandblakvöllur og golfvöllur.

Rekstur félagsheimila

Ísafjarðarbær er eigandi eða á hluta í fjórum félagsheimilum.

Sveitarfélagið er 100% eigandi að félagsheimilinu í Hnífsdal. Í gildi er samningur við Björgunar-sveitina Tinda um útleigu þess og umsjón, en sveitarfélagið greiðir allan fastan kostnað, til dæmis fasteignagjöld, tryggingar, hita og rafmagn.

Ísafjarðarbær á 55% eignarhlut í félagsheimilinu á Suðureyri. Í gildi er samningur við hollvina-samtök um reksturinn, en sveitarfélagið greiðir allan fastan kostnað, til dæmis fasteignagjöld, tryggingar, hita og rafmagn.

Ísafjarðarbær er 100% eigandi félagsheimilisins á Flateyri. Húsið er til útleigu fyrir einstaklinga, hópa og félög í lengri og skemmri tíma samkvæmt gjaldskrá sem sett er af bæjarstjórn. Fyrir liggur samþykki bæjarstjórnar fyrir sölu hússins, enda er notkunin mjög lítil.

Ísafjarðarbær er 100% eigandi félagsheimilisins á Þingeyri. Húsið er til útleigu fyrir einstaklinga, hópa og félög í lengri og skemmri tíma samkvæmt gjaldskrá. Ísafjarðarbær greiðir húsverði fyrir umsjón og rekstur hússins, og greiðir allan fastan kostnað, til dæmis fasteignagjöld, tryggingar, hita og rafmagn.

Samfélagsmiðstöðin á Þingeyri, Blábankinn

Sveitarfélagið er stofnaðili samfélagsmiðstöðvar á Þingeyri, og styrkir Blábankann árlega til reksturs, auk þess að tilnefna einn fulltrúa í stjórn.

Skíðasvæði

Sveitarfélagið rekur alpa- og gönguskíðasvæði á Ísafirði. Reglulega eru gerðar skíðagöngu-brautir á golfvöllinum. Ekki eru rekin skíðasvæði á öðrum þjónustusvæðum.

Sundlaugar

Sundlaugar eru á Flateyri, Ísafirði, Suðureyri og Þingeyri. Eru þær allar innandyra, fyrir utan Suðureyri þar sem er útilaug. Heitir pottar eru ýmist úti og/eða inni, auk kaldra kara.

Tjaldsvæði

Tjaldsvæðin á Ísafirði og á Flateyri eru í eigu Ísafjarðarbæjar og eru rekin af einkaaðilum í kjölfar útboða. Tjaldsvæðið á Þingeyri er í eigu Ísafjarðarbæjar og rekið samhliða íþróttamiðstöðinni. Ekki er tjaldsvæði á Suðureyri, en óski einkaaðili eftir skilgreindu svæði til uppbyggingar og útleigu er sveitarfélagið tilbúið til samninga.

ENDURSKOÐUN STEFNUNNAR

Stefna þessi er endurskoðuð árlega samhliða fjárhagsáætlun samkvæmt 130. gr. [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#). Stefnan gildir fyrir komandi ár og næstu þrjú árin þar á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi á þjónustusvæðum fjarri stærsta byggðalaginu.

Samþykkt á 561. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, þann 20. nóvember 2025.